

Sent til heilsugæslustöðva, heimislækna í Reykjavík,
sviðsstjóra og hjúkrunarstjóra sjúkrahúsa, lyfjabúra sjúkrahúsa,
læknastofa, stofnana fyrir aldraða og Lyfjastofnunar Íslands.

Reykjavík, 13. september 2012
1206234/0.5.2.3/PG/jjh

Dreifibréf Embætti landlæknis

Nr. 2/2012

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Efni: 1) Bólusetning gegn inflúensu og pneumókokkum
2) Notkun Boostrix í stað Tetavax

1. Þrígild bóluefni gegn inflúensu A og B hafa nú verið framleidd fyrir veturinn 2012-2013 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þau innihalda eftirtalda stofna:

- A/California/7/2009 (H1N1)-like virus*;
- A/Victoria/361/2011 (H3N2)-like virus;
- B/Wisconsin/1/2010-like virus.

*svínainflúensuveira frá 2009

Frá árinu 2007 hefur sóttvarnalæknir samkvæmt útboði, tryggt kaup á 60.000 skömmtum af árlegu inflúensubóluefni. Á þessu ári verða keyptir 60.000 skammtar af Vaxigrip® eins og undanfarin ár og verður bóluefnið tilbúið til afhendingar frá og með 14. september 2012.

Heilbrigðisstofnanir og aðrir þar til bærir aðilar geta pantað bóluefni hjá Icepharma sem annast dreifingu þeirra. Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Parlogis ehf., (þ.m.t. í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Álftanesi og Seltjarnarnesi) og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöðvar til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefni hjá Parlogis þurfa að greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi þess mánaðar sem bóluefnið er keypt. Innkaupsverð í september 2012 er 628,10 kr. m.vsk.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Þungaðar konur.

bls. 1 af 2

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði en sóttvarnalæknir greiðir innkaupsverð bóluefnisins samkvæmt reikningi.

Á **reikningi** til sóttvarnalæknis þarf að koma fram:

- númer reiknings, nafn stofnunar, fjöldi skammta bóluefnis og einingarverð.
Ath. sóttvarnalæknir greiðir ekki umsýslugjald, aðeins einingarverð m/vsk.

Rafrænt fylgiskjal (excel) á disk þarf að fylgja reikningi með:

- kennitölum hinna bólusettu, dagsetningu bólusetninga, nafni bóluefnis og hvaða áhættuhópi einstaklingarnir tilheyra.

Rétt er að áréttta að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A(H1N1)v (svínainfluensu).

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir aðstoðarmaður sóttvarnalæknis (juliana@landlaeknir.is) s. 510-1900.

Að gefnu tilefni er minnt á að einstaklinga má bólusetja jafnvel þó influensufaraldur sé hafinn því einungis tekur um 1-2 vikur að mynda verndandi mótefni eftir bólusetningu.

Heilbrigðisstofnunum er heimilt að taka komugjald vegna bólusetningarinnar samkvæmt birtri gjaldskrá Velferðarráðuneytisins.

Sóttvarnalæknir vill einnig minna á tilmæli um bólusetningu gegn **pneumókokkasýkingum** hjá eftirtöldum hópum:

- Einstaklingum 60 ára og eldri, á 10 ára fresti.
- Einstaklingum með aspleniu eða aðra ónæmisbælandi sjúkdóma á 5 ára fresti.

2. Sóttvarnalæknir vill einnig koma á framfæri, að í stað bóluefnisins Tetavax (tetanus toxoid) má gjarnan gefa bóluefnið Boostrix þegar gefa þarf örvunarskammt til varnar gegn stífkrampa. Með því að gefa Boostrix þá eykst jafnframt vörn gegn kikhósta og barnaveiki.

Sóttvarnalæknir

Afrit: Velferðarráðuneytið, Læknablaðið og Tímarit hjúkrunarfræðinga